



# Minnisblað

Kynningarfundur verkefnisstjórnar og faghópa um flokkun og mat á landslagi, 17. apríl 2009

Kynningarfundur um flokkun og mat á landslagi er framhald umræðu sem lengi hefur farið fram innan rammaáætlunar enda óumdeilt að framkvæmdir á orkusviðinu geta haft víðtæk áhrif á landslag. *Íslenska landslagsverkefnið* er heiti sem í daglegu tali er notað yfir verkefnið "Íslenskt landslag - flokkun og verðmætamat" sem runnið er undan rifjum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Fyrsta formlega umfjöllunin á þessu sviði birtist í Framvinduskýrslu 3ja manna verkefnisstjórnar (2004-2007) sem kom út í maí 2007. (Sjá heimasíðu rammaáætlunar: *2. Áfangi: Vernd og nýting – Fyrri verkefnisstjórn og framvinduskýrsla.*) Síðan hefur að stofni til verið fylgt þeirri rannsóknaráætlun sem lögð var fram í framvinduskýrslunni, þó með þeirri breytingu að fyrir u.þ.b. ári óskaði verkefnisstjórn eftir því að meiri áhersla yrði lögð á flokkunarþátt verkefnisins - einkum hvað varðar háhitasvæði. Vegna fjárskorts var afráðið að matshlutinn skyldi bíða að mestu. Stefnt er að útgáfu skýrslu um niðurstöður flokkunarhluta rannsóknarinnar í júní.

Á kynningarfundinum voru haldin eftirtalin fimm erindi og glærusýningar frummælenda fylgja. Að neðan er stuttlega getið um innihald erindanna með tilvísun til glærukynninga sem liggja frammi með þessu minnisblaði á lokuðu vinnusvæði verkefnisstjórnar á heimasíðu rammaáætlunar.

## 1. Þorvarður Árnason (og Þóra E. Þórhallsdóttir): Íslenskt landslag – flokkun og verðmætamat. Yfirlit um stöðu verkefnis, 17. apríl 2009.

1. Yfirlit yfir náms- og doktorsverkefni 2004-2011 er tengjast efninu. (Glærur 2-4)
2. Svör við spurningunni (skilgreining): „Hvað er landslag?“. (Glærur 5-9)
3. Markmið og aðferðafræði íslenska landslagverkefnisins. (Glærur 10-11)
4. Fyrsti hluti verkefnisins: Flokkun landslagsgerða. (Glærur 12-15)
5. Aðferðir við flokkun.
  - a. Valdir þriðji hver reitur (10 x 10 km) skv. skiptingu Náttúrufræðistofnunar í viðfangsreiti á landinu öllu. (Glærur 16 og 35)
  - b. Vettvangsrannsóknir. (Glærur 17-19)
  - c. Ljósmyndir af dæmigerðum landslagsgerðum. (Glærur 20-34)
  - d. Flokkunartré landslagsgerða. (Glærur 35-37)
  - e. Dreifing landslaggerða um landið. (Glærur 38-50)
  - f. Berggrunnur landsins og dreifing landslagsgerða. (51-57)
  - g. Fjölbreytni og dreifing plantna (Glæra 58-61)
  - h. Jarðfræðilegur fjölbreytileiki (allra fyrstu drög) (Glæra 62)

- i. Litbrigði landslags (Glæra 63)
- j. Flokkun háhitasvæða. (Glæsur 64-69).

## **2. Karen Pálsdóttir (Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Þorvarður Árnason): Íslenskar náttúruperlur: Sjónræn einkenni og samanburður við annað landslag.**

Þetta meistaraverkefni er nátengt Íslenska landslagsverkefninu.

1. Bakgrunnur, m.a. yfirlit yfir 112 svæði sem taldar eru náttúruperlur og flokka íslenska landslagsverkefnisins. (Glæsur 2-6)
2. Markmið landslagsverkefnisins (Glæra 7)
3. Rannsóknarspurningar. (Glæra 8)
4. Val svæða, gagnavinnsla og úrvinnsla (Glæsur 9-11)
5. Niðurstöður 1: Dæmi um flokkunaraðferð náttúruperlanna – hér er eingöngu litið til náttúruperlanna sjálfra, þ.e. 48 staða/svæða. Á glæsum 12 og 13 eru perlurnar flokkaðar - raðað saman – eftir nokkrum breytum og neðst á glæsu 13 sést í hvaða flokk einstakar perlur raðast. Flokkarnir lýsa þannig skyldleika perlanna innbyrðis út frá þeim sjónrænu náttúrufarsbreytum sem tekið er mið af. Á glæsu 14 er skyldleiki flokkanna metinn gagnvart tveimur meginbreytum: Sjór er önnur breytan (x-ás eða láréttur ás) en ferskvatn, ávalar línur og svigður er hin breytan (y-ás eða lóðréttur ás). Flokkur 10 sýnir mesta fylgni við sjó (sem er eðlilegt þar sem um er að ræða staði við eða nálægt sjávarströnd) en flokkur 7 hefur að geyma staði sem eru fjarri sjó (sbr. glæsu 13). Á sama hátt er litið um ferskvatn, ávalar línur og svigður í flokki 5 en mun meira í flokki 4.
6. Niðurstöður 2: Annað dæmi um flokkunaraðferð náttúruperlanna. Hér litið til bæði náttúruperla og kerfispunkta, samtals 160 staða/svæða. Svipuð mynd og lýst er að ofan. (Glæsur 16-21).
7. Einkunnadreifing – samanburður á kerfispunktum og landslagsperlum – og megin niðurstöður. (Glæsur 22-29)

## **3. Rut Kristinsdóttir: Landið er fagurt og frítt. Mat á íslensku landslagi og fegurð þess.**

Lokaverkefni í umhverfisfræðum frá Háskóla Íslands undir leiðsögn Þóru Ellenar og Þorvarðar Árnasonar. Rannsóknarspurningar lutu að skynjun og upplifun fólks á íslensku landslagi; má tengja matið ákveðnum landslagsþáttum/gerð; er fylgni við búsetu, menntun eða ferðlög um landið. Stuðst var við óstaðsettar landslags-ljósmyndir og þeim fylgdi spurningalisti. Forkönnun meðal 7 sérfræðinga með mikla þekkingu á íslensku landslagi en aðalkönnun meðal nemenda við HÍ og LBHÍ á Hvanneyri.

1. Markmið (Glæra 3).
2. Nálgun. (glæsur 4-5).
3. Framkvæmd (Glæsur 6-7)
4. Sýnishorn af ljósmyndunum (Glæsur 8-11)
5. Niðurstöður – spurningalistar. Þættir er lúta almennt að landslagi (Glæsur 12-17)
6. Niðurstöður – Röðun landslaggerða. Glæsur 18-21)
7. Niðurstöður – Fylgni milli mats og býsetu, náms o.fl. (Glæsur 22-26)
8. Niðurstöður;: Rök fyrir hæsta og lægsta mati (Glæsur 27-32)
9. Mat og ályktanir höfundar (Glæsur 33-34)

## **4. Helena Ólafsdóttir: Með kveðju frá Íslandi – Íslensk landslagspóstkort, myndefni þeirra og sala.**

**Með greiningu og sölu íslenskra landslags-póstkorta, er varpað fram tilgátu um það hvaða gerðir íslensks landslags hrífa mest. Með samspili framboðs (framleiðsla korta) og eftirspurnar (sala) má greina vinsældir einstakra staða/svæða og mótíva.**

10. Inngangur og kynning. (Glærur 1-2).
11. Markmið og nálgun. (glærur 3-11).
12. Lykilspurningar (Glærur 12-14)
  - a. Dreifing myndefnis íslenskra landslagspóstkorta.
  - b. Hvaða landslagsgerðir eru á póstkortum og hverjar ekki?
  - c. Hvað einkennir myndefni vinsælustu póstkortanna?
13. Afmörkun viðfangsefnisins. (Glærur 15-17)
14. Greining á mynd efni. (Glærur 18-29)
15. Staðsetning. (Glærur 30-33)
16. Greining á landslagsgerðum. (Glæra 34)
17. Hlutdeild ói sölu. (Glærur 35-44)
18. Samantekt, einkenni, ályktanir og niðurstöður. (Glærur 45-56)
19. Viðbætur (Glærur 58-61)

#### **5. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir: *Fagurfræðileg upplifun af háhitasvæðum.***

**Stutt útgáfa án mynda af glærusýningu Guðbjargar en efninu verða gerð mun ítarlegri skil í skýrslu sem skilað verður síðar á árinu sem fjalla mun um landslag háhitasvæða.**

1. Útlínur verkefnisins og megin niðurstöður. (Glærur 2-3)
2. Sýnishorn fagurfræðilegra upplifana viðmælenda. (Glærur 4-9)